

**Drög að reglugerð  
um breytingu á reglugerð nr. 8/2009 um skoðun ökutækja**

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist 2. mgr. svohljóðandi:

Heimilt er að veita ökutækjum í Flatey á Breiðafirði, Grímsey og Hrísey undanþágu frá reglugerð þessari.

2. gr.

1. mgr. 3. gr. breytist og orðast svo:

Ökutæki, skráð hér á landi, nema dráttarvél T1-T4, torfærutæki og létt bifhjól í flokki 1, skal færa til reglubundinnar almennrar skoðunar (aðalskoðunar) í samræmi við reglugerð þessa.

3. gr.

5. gr. reglugerðarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Ökutæki sem færa skal árlega til aðalskoðunar frá og með næsta ári eftir skráningu:

- a) vörubifreið
- b) hópbifreið
- c) leigubifreið
- d) ökutæki ætlað til neyðaraksturs
- e) eftirvagn með leyfða heildarþyngd meiri en 3.500 kg
- f) eðalvagn
- g) ökutæki í ökukennslu
- h) ökutæki í ökutækjaleigu
- i) ökutæki sem lýtur reglum um innskatt vegna virðisaukaskatts (VSK-bifreiðar)
- j) dráttarvél T5
- k) sérútbúnað bifreiðar
- l) ökutæki með ferðaþjónustuleyfi
- m) skólabifreiðar
- n) ökutæki í flutningi hreyfihamlaðra

4. gr.

7. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi ásamt fyrirögn:

*Ökutæki sem færa skal til aðalskoðunar fyrir 1. júní á skoðunarári.*

Færa skal eftirtalin ökutæki til aðalskoðunar 1. júní á skoðunarári, óháð síðasta tölustaf á skráningarkerki:

- a) fornbifreið
- b) húsbifreið
- c) bifhjól, þar með talin fornbifhjól og létt bifhjól
- d) hjólhýsi (felliþýsi)
- e) tjaldvagn.

Hafi eigandi (umráðamaður) ökutækis ekki átt þess kost að færa ökutækið til aðalskoðunar fyrir 1. júní á skoðunarári, skal það gert í síðasta lagi fyrir 1. ágúst sama ár.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 8. gr. reglugerðarinnar:

- a) 2. mgr. breytist og orðast svo:

Veita skal viku frest, þó ekki fram yfir mánaðarmót, til að færa ökutækið til skoðunar enda hafi eigandi (umráðamaður) lýst því skriflega yfir að ökutækið sé hæft til skoðunar og sérstakar ástæður mæla ekki gegn því að ökutækið verði tekið í notkun.

- b) Í stað orðsins „tjónabifreið“ í 3. mgr. kemur orðið „tjónaökutæki“.

6. gr.

4. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

7. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 15. gr. reglugerðarinnar:

- a) Ný 3. mgr. verður svohljóðandi:

Samgöngustofa gefur út sérstaka skoðunarhandbók um leyfisskoðun ökutækja sem ætluð eru til flutninga á fólki og farmi í atvinnuskyni (leyfisskoðun).

- b) Núverandi 3. mgr. verður 4. mgr.

8. gr.

Við 1. mgr. 20. gr. bætist nýr málslíður, 2. málslíður, svohljóðandi:

Fyrir önnur ökutæki en bifreiðar, með fyrsta skráningardag fyrir 1.1.1989, má setja skoðunarmiða á aðra staði sé hann auðgreinanlegur.

9. gr.

1. mgr. 23. gr. reglugerðarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Samgöngustofa viðurkennir:

- a) skoðunarstofu I til að skoða ökutæki, óháð leyfðri heildarþyngd ökutækis og skal hún búin:
  - öllum tilskildum tækjum samkvæmt II. viðauka
- b) skoðunarstofu II til að skoða ökutæki sem eru 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd eða minna, svo og stærri ökutæki allt að 5.000 kg að leyfðri heildarþyngd ef tilskilinn tækjabúnaður er fyrir hendi og skal hún búin:
  - öllum tilskildum tækjum samkvæmt II. viðauka, nema hemlaprófara fyrir ökutæki, óháð leyfðri heildarþyngd þeirra.
  - hemlaprófara sem gerður er fyrir a.m.k. heildarþyngd áss ökutækis.

10. gr.

Í lok 2. mgr. 26. gr. reglugerðarinnar falla brott orðin „eftir því sem við verður komið.“

11. gr.

Í stað orðsins „heildarskrá“ í 2. mgr. 27. gr. reglugerðarinnar kemur: „ökutækjaskrá“.

12. gr.

1. mgr. 28. gr. reglugerðarinnar skal vera svohljóðandi:

Skoðunarstofa I getur skoðað ökutæki sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd á skoðunarstofu II, endurskoðunarverkstæði eða öðru verkstæði þótt hentug gryfja/lyfta eða hristari séu ekki til staðar. Skal þá tryggt að hemlaprófari fyrir bifreiðir og eftirvagna, óháð leyfðri heildarþyngd, verði notaður við skoðunina. Tryggja skal að öll atriði verði skoðuð samkvæmt skoðunarhandbók þrátt fyrir að gryfja/lyfta eða hristari sé ekki til staðar.

13. gr.

Í stað orðsins „sex“ í 2. mgr. 29. gr. reglugerðarinnar kemur: „tveggja.“

14. gr.

Við 3. mgr. 35. gr. bætist við nýr málslíður, 3. málsl., svohljóðandi:

Þá er Samgöngustofu heimilt að breyta niðurstöðum skoðunar, sem skoðunarmaður framkvæmir, ef dæming og niðurstaða skoðunar eru augljóslega rangar.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 37. gr. reglugerðarinnar:

a) iii.-liður a)-liðar 1. mgr. breytist og orðast svo:

„fyrir 1. ágúst, sbr. 7. gr.“.

b) b)-liður breytist og orðast svo:

endurskoðunar fyrir lok þess mánaðar er ökutækið skyldi fært til endurskoðunar samkvæmt ákvörðun skoðunarmanns.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. mgr. 38. gr. reglugerðarinnar:

a) Í stað „6 mánuði“ kemur „2 mánuði“;

b) í stað „4 mánuði“ kemur „1 mánuð“.

17. gr.

Við 2. mgr. 1. gr. I. viðauka bætist nýr málslíður, 3. málslíður, svohljóðandi:

Fyrir önnur ökutæki en bifreiðar, með fyrsta skráningardag fyrir 1.1.1989, má setja skoðunarmiða á aðra staði sé hann auðgreinanlegur.

18. gr.

7. gr. í II. viðauka skal vera svohljóðandi:

Hjólþeytir til að snúa hjólum ökutækis sem er meira en 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd, sem og skráningar- og skoðunarskyldum tengitækjum og eftirvögnum II (O<sub>2</sub>), skal þannig gerður að hann geti snúið stærstu ódriftengdum hjólum undir ökutæki á fullnægjandi hraða sem gefur möguleika á að finna misþyngd á hjóli og/eða skemmdir í legu hjólvalar. Hjólþeytis er ekki krafist á endurskoðunarverkstæði, nema það sé notað af skoðunarstofu til skoðunar ökutækja yfir 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd, skráningarskyldum tengitækjum og eftirvögnum II (O<sub>2</sub>).

19. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 60. og 67. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, öðlast gildi 1. janúar 2018.

## Greinargerð

### Um 1. gr.

Um er að ræða heimild sem kemur inn með tilskipun 2014/45/ESB (2. gr.) þar sem heimilt er að undanskilja tiltekin ökutæki gildissviði tilskipunarinnar, þ.á.m. ökutæki sem eru eingöngu notuð á litlum eyjum eða strjálbýlum svæðum. Lítil eyja er skilgreind sem eyja með færri en 5.000 íbúa sem tengist ekki öðrum hluta yfirráðasvæðis með vegabrum eða veggöngum. Er því lagt til að ökutæki sem staðsett eru í Flatey, Grímsey og Hrísey megi undanþiggja frá ákvæðum tilskipunarinnar enda séu þau að öllu jöfnu ekki notuð utan eyjunnar. Framkvæmdin verður nánar útfærð í verklagsreglum Samgöngustofu varðandi t.d. mögulega nýjan notkunarflokk þessara ökutækja og hvernig framkvæmd er ef þessi ökutæki koma upp á land, m.a. varðandi skoðun þeirra innan tiltekins frests. Þrátt fyrir að heimildin nái til eyja með 5.000 íbúa eða færri þykir eðli málsins samkvæmt ekki rétt að undanþiggja Vestmannaeyjar frá gildissviði tilskipunarinnar.

Þá hafa skoðunarstöðvarnar hingað til gert sér sérstaka ferð til þessara tilteknu eyja til að uppfylla skoðunarskyldu ökutækjanna á staðnum. Áhugi skoðunarstofanna fer hinsvegar þverrandi enda talsverður kostnaður fyrir þær að senda skoðunarmenn á staðinn og án þess búnaðar sem venjulega er notaður við skoðun ökutækja enda engin skylda á þeim að sinna þessari sérstöku þjónustu. Er því talið nauðsynlegt að þessi heimild til að undanþiggja tiltekin ökutæki frá ákvæðum tilskipunarinnar sé í reglugerðinni.

### Um 2. gr.

Þetta er gert í samræmi við 2014/45/ESB (5. gr.) þar sem dráttarvélar T5 eru orðnar það stórar og komast það hratt að hægt sé að bera það saman við vörubifreiðar. Þessar dráttarvélar eru komnar í almenna umferð, sem aðrar dráttarvélar eru öllu jafna ekki, og mikilvægt er því að skoða umferðaröryggisleg atriði slíkra tækja.

### Um 3. gr.

Einungis er verið að leiðrétta setningu í c)-lið og tengja það við notkunarflokk í ökutækjaskrá sem og við reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004.

Aðrar breytingar f)-n)-liðir eiga það sameiginlegt að verið er að breyta skoðunartíðni á atvinnutækjum, þar sem krafan verður árleg skoðun. Er það gert út frá umferðaröryggislegum sjónarmiðum, sem og í samræmi við tilskipun 2014/45/ESB sem gerir ráð fyrir í b)-lið 1. mgr. 5. gr. að ökutæki í flokki M<sub>1</sub> (fólksbifreið) sem notuð eru sem leigubifreiðar eða sjúkrabifreiðar ásamt m.a. flokkum M<sub>2</sub> (hópbifreið I), M<sub>3</sub> (hópbifreið II), N<sub>2</sub> (vörubifreið I), N<sub>3</sub> (vörubifreið II) séu skoðuð ári eftir að ökutækið var fyrst skráð og á hverju ári eftir það. Má því líta svo á að ökutæki í flokki M<sub>1</sub> sem notuð eru í atvinnuskyni gegn gjaldi eins og leigubifreiðar skuli falla undir árlega skoðunarskyldu. Eru það t.a.m. ökutæki með ferðaþjónustuleyfi, sérútbúnar bifreiðar, eðalvagnar. Ökutæki í atvinnuakstri eru öllu jöfnu keyrð 2-3 sinnum meira en hefðbundin einkabifreið og slit og þreyta útskiptanlegra varahluta eykst í hlutfalli við akstur ökutækjanna. Skv. núverandi regluverki er skoðunartíðnin ökutækja í f)-n)-

liðum hins vegar 4-2-2-1 og því fara ný ökutæki ekki í aðalskoðun fyrr en 4 árum eftir að notkun þeirra hefjist. Er þessi breyting einnig gerð með hliðsjón af framkvæmd annarra Evrópuríkja á bæði ökutækjum til ökutækjaleigu og atvinnuökutækja.

#### **Um 4. gr.**

Hér er lagt til að skoðunarmánuður þeirra ökutækja sem nefnd eru í ákvæðinu verði færður fram um tvo mánuði og verða þau því skoðuð fyrir sumarið þegar þessi ökutæki eru helst í notkun. Þó svo að skoðun skuli fara fram fyrir 1. júní hefur eigandi/umráðamaður þar að auki tvo mánuði til að fara með ökutækið í skoðun áður en vanrækslugjald er lagt á, þ.e. þann 1. ágúst ár hvert.

#### **Um 5. gr.**

Með breytingu á a-lið er verið að festa í sessi verklag sem hefur verið viðhaft síðan breytingar urðu á umferðarlögum þann 1. október 2008 þegar ákvæði um vanrækslugjald tóku gildi. Vanrækslugjaldið kemur sjálfkrafa inn um mánaðamót þrátt fyrir að viku frestur hafi verið veittur.

Með breytingu á b)-lið er breytt hugtakinu tjónabifreið í tjónaökutæki til samræmis við breytta orðnotkun, sbr. reglugerð nr. 699/2017 um breytingu á reglugerð nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja.

#### **Um 6. gr.**

Hér er lagt til að svokallaður „varahlutafrestur“ verði felldur brott þar sem málsgrein hefur aukið á sveigjanleika skoðunar um of. Tilgangurinn með þessari grein var að koma til móts við langan afhendingarfrest á varahlutum á árum áður en í dag eru flest allir nauðsynlegir varahlutir fáanlegir með stuttum fyrirvara. Ef erfitt reynist að útvega varahluti í ökutæki, þá er ekki forsvaranlegt að aka því í umferð, þar sem umferðaröryggi ökutækisins má teljast skert, og eðlilegast væri að skráningarkerki ökutækisins séu lögð inn þangað til að úrbætur hafa átt sér stað. Í tilskipun 2014/45/ESB varðandi tímalengd milli skoðana segir í 20) lið í inngangsorðum að aðildarríkin ættu að geta tilgreint nokkrar vikur þar sem reglubundnar skoðanir á aksturshæfni eigi að fara fram. Með núverandi framkvæmd er heimild til að bæta þriðja mánuðinum við endurskoðunarfrestinn sem er þá ca 12 vikur. Með breytingunni fellur heimildin hinsvegar út og endurskoðunarfresturinn allt að 8 vikum er látinn nægja.

#### **Um 7. gr.**

Um er að ræða stjórnsluverkefni sem kom til Samgöngustofu frá Vegagerðinni á sínum tíma og því þarf að bæta við reglugerðina að Samgöngustofa gefi út sérstaka skoðunarhandbók um leyfisskoðun ökutækja.

#### **Um 8. gr.**

Ökutæki með skráningarkerki af eldri gerð (fornmerkjum) eru ekki með svæði fyrir skoðunarmiða og sum þessi ökutæki heldur ekki með framrúðu til að líma skoðunarmiða á. Þar af leiðandi þarf að koma fram hvar megi þá líma skoðunarmiða á þau ökutæki.

#### **Um 9. gr.**

Hér er lögð til breyting á b)-lið þar sem 5000 kg heildarþyngd verður hámarksþyngd sem skoðunarstofa II getur skoðað. Eins og þetta er í dag er ekkert hámark og er því í raun enginn munur á skoðunarstofum I og II. Breytingin endurspeglar núverandi framkvæmd varðandi skilin á milli skoðunarstöðva I og II og þeirri heimild sem skoðunarstöðvarnar vinna eftir.

Þá er bætt við nýjum undirlið í b)-lið sem gerir kröfu um það að hemlaprófari á skoðunarstofu II, sem skoðar ökutæki allt að 5000 kg að heildarþyngd, skuli vera gerður fyrir a.m.k. heildarþyngd áss ökutækis. Þetta telst lágmarkskrafa til að hægt sé að framkvæma próf á hemlunargetu ökutækis við skoðun. Einnig er tekin út undanþága fyrir skoðunarstöð II að vera búin hjólþeyti (spinner). Hjólþeytir er nauðsynlegur búnaður til að skoða t.d. eftirvagna og tengitæki sem skoðunarstofa II hefur heimild til þess að skoða.

#### **Um 10. gr.**

Parfnast ekki skýringa. Annað hvort er búnaðurinn til staðar og virkar eða ekki.

#### **Um 11. gr.**

Um er að ræða leiðréttingu þar sem ekkert er til sem heitir heildarskrá en átt er við ökutækjaskrá.

#### **Um 12. gr.**

Hjólþeytir er nauðsynlegur búnaður til að skoða t.d. eftirvagna og tengitæki og er því gerð sama krafa hér og í 9. gr. þessarar breytingareglugerðar. Hjólþeytir verður því krafa á öllum skoðunarstöðvum.

#### **Um 13. gr.**

Breytingin er í samræmi við reglugerð nr. 572/1995 um prófun á ökuritum með síðari breytingum þar sem fram kemur að ökuriti skuli skoðaður á tveggja ára fresti.

#### **Um 14. gr.**

Með tilskipun 2014/45/ESB (13. gr.) kemur inn heimild þar sem Samgöngustofa geti breytt niðurstöðu skoðunar sem augljóslega er röng. Er með þessu verið tryggja það að dæming og niðurstaða skoðunar verði í samræmi við ástand ökutækisins.

### **Um 15. gr.**

Breytingar á iii-lið a)-liðar 1. mgr. 37. gr. eru gerðar til samræmis við breytingar í 4. gr. þessarar breytingareglugerðar þar lagt er til að tiltekin ökutæki skuli færa til aðalskoðunar fyrir 1. júní ár hvert í stað 1. ágúst.

Í b-lið 1. mgr. 37. gr. eru gerðar breytingar þar sem núverandi orðalag gerir það að verkum að vanrækslugjald leggst ekki á ökutæki fyrr en mánuði eftir að ökutæki skuli fært til endurskoðunar. Lagt er til að vanrækslugjald leggst á ökutæki í lok þess mánaðar sem endurskoðun skal fara fram samkvæmt ákvörðun skoðunarmanns. Þetta er í samræmi við fyrirkomulag varðandi aðalskoðun þar sem vanrækslugjald leggst á ökutæki um leið og frestur til skoðunar er liðinn. Þetta er einnig gert í takt við áherslur og breytingar í tilskipun 2014/45/ESB m.t.t. lengdar milli skoðana.

### **Um 16. gr**

Hér er lagt til að stytta tímenn sem líður frá því að vanrækslugjald er lagt á þangað til að lögregla getur fjarlægt skráningarmarki ökutækis sem hefur ekki verið fært til skoðunar, sbr. 13. gr. reglugerðar um skráningu ökutækja nr. 751/2003. Með þessari breytingu vill Samgöngustofa þar með stytta þann tíma sem ökutæki er óskoðað í umferð, og er það í samræmi við tilskipun 2014/45/ESB sem gerir ráð fyrir að tilgreina megi nokkrar vikur þar sem reglubundnar prófanir á aksturshæfni skuli fara fram.

### **Um 17. gr.**

Ökutæki á skráningarmerkjum af eldri gerð (fornmerkjum) eru ekki með svæði fyrir skoðunarmiða og sum þessara ökutækja hafa heldur enga framrúðu til að líma skoðunarmiða á. Þar af leiðandi þarf að koma fram hvar megi þá líma skoðunarmiða á þau ökutæki.

### **Um 18. gr.**

Í dag er ekki gerð krafa um að hjólþeytir sé notaður á ökutæki undir 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd en hinsvegar gildir krafan á öll ökutæki yfir það. Ástæðan er sú að ökumaður á erfitt með að finna slit í hjólalegu á stórum ökutækjum miðað við léttari ökutæki. Slit í hjólalegum getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér og í flestum tilfellum ágerist skemmdin mjög fljótt. Búnaðurinn er nú þegar til á mörgum skoðunarstöðvum þar sem þetta er nú þegar krafa við skoðun á ökutækjum yfir 3.500 kg. Minni skoðunarstöðvar munu því helst þurfa að útvega sér búnaðinn enda ekki hægt að skoða þessi tilteknu ökutæki með fullnægjandi hætti án búnaðarins.

Lagt er til að hjólþeytir sé skyldaður við skoðun á öllum skráningarskyldum tengitækjum (fellhýsum, hjólhýsum og tjaldvögnum) ásamt skráningarskyldum eftirvögnum II (O<sub>2</sub>). Þetta er gert nú þegar á mörgum skoðunarstöðvum með góðum árangri, en eins og gefur að skilja er erfitt fyrir ökumann að finna slit í hjólalegu á léttum eftirvagni/tengitæki og á hann því erfitt með að bregðast við í tæka tíð.

### **19. gr.**

Gildistökuákvæði.